**Nd. 352. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1912 og 1913.

Samkvæmt athugasemd um landsreikninginn 89. lið 1912 hefir gleymst að tilfæra innborgað póstávísanafé að upphæð ... ... ... ... ... ... kr. 7127,55

Enn fremur hefir gleymst að færa til útgjalda ... ... ... — 9212,00 fyrir keypt ríkisskuldabrjef. Þessar skekkjur hafa verið leiðrjettar á reikningnum fyrir árið 1913 og hafa því engin áhrif á niðurstöðu reikningsins í heild.

Með því að nefndin hefir ekki annað við reikninginn að athuga, en það sem tekið er fram í nefndaráliti um athugasemdir um landsreikningana á þingskjali 344, leggur hún til að frumvarpið verði samþykt, eins og það liggur fyrir.

Alþingi 14. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
formaður.

Hjörtur Snorrason,
skrifari.

M. J. Kristjánsson,
framsögumaður.